



**Gildi-lífeyrissjóður**  
*Ársfundur*  
*24. apríl 2024*

# Dagskrá

- Skýrsla stjórnar
- Kynning ársreiknings
- Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt, fjárfestingarstefnu og hluthafastefnu
- Tillögur til breytinga á samþykktum
- Starfskjarastefna - til staðfestingar
- Kosning/skipan stjórnar
- Ákvörðun launa stjórnarmanna
- Kosning nefndar um laun stjórnarmanna
- Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis
- Kjör utanaðkomandi aðila í endurskoðunar- og áhættunefnd
- Önnur mál

# Skýrsla stjórnar

Björgvin Jón Bjarnason  
formaður stjórnar


# Kynning ársreiknings

Davíð Rúdólfsson  
framkvæmdastjóri

# Kynning ársreiknings

Allar deildir


# Breyting á hreinni eign á árinu 2023



\*þar með talið 2,7 ma.kr. örorkuframlag úr ríkissjóði

Upphæðir í milljörðum króna

# Ávöxtun allra deilda



## Hrein eign í árslok (*bls. 22-23*)

**2023****991.892 milljónir kr.**

Samtryggingardeild

**983.183 m.kr.**

Séreignardeild

**7.737 m.kr.**

Tilgreind séreignardeild

**972 m.kr.****2022****913.251 milljón kr.**



# Iðgjöld - heildargreiðslur (*bls. 22 og 23*)

**2023****47.726 milljónir kr.**

Samtryggingardeild\*

**47.006 m.kr.**

Séreignardeild

**551 m.kr.**

Tilgreind séreignardeild

**170 m.kr.***\*þar af framlag til jöfnunar örorkubyrði***2.682 m.kr.****2022****41.943 milljónir kr.**

# Lífeyrir *(bls. 43)*

**2023****30.472 milljónir kr.**

Ellilífeyrir

**15.691 m.kr.**

Örorkulífeyrir

**6.679 m.kr.**

Makalífeyrir

**1.177 m.kr.**

Barnalífeyrir

**181 m.kr.**

Sérstök útgreiðsla v. Covid-19

**14 m.kr.****2022****23.742 milljónir kr.**

## Fjárfestingartekjur *(bls. 18)*

**2023****63.090 milljónir kr.**

Tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum **30.327 m.kr.**

Tekjur af skuldabréfum **31.223 m.kr.**

Vaxtatekjur af handbæru fé **1.178 m.kr.**

Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum **228 m.kr.**

Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum **142 m.kr.**

Fjárfestingargjöld **(69 m.kr.)**

**2022****(19.484 milljónir kr.)**

# Fjárfestingargjöld (bls. 46 - 48)

Hluti af eignum samtryggingardeildar Gildis samanstendur af ýmiss konar sjóðum, bæði skráðum og óskráðum, innlendum og erlendum.

Samtals nam meðaleign samtryggingardeildar í sjóðum um **333,1 ma.kr.** á árinu 2023 eða um **33,9%** af 983 ma.kr. hreinni eign í árslok 2023.


Um er að ræða erlenda skráða hlutabréfa- og skuldabréfasjóði, óskráða erlenda framtaks- og fasteigna-, innviða- og skuldabréfasjóði og óskráða innlenda framtaks-, fasteigna-, innviða-, nýsköpunar- og skuldabréfasjóði.

Reiknuð fjárfestingargjöld vegna þessara sjóða ráðast af fjölmörgum þáttum, m.a. af:

- Stærð undirliggjandi eignasafns
- Útistandandi áskriftarloforðum
- Árangurstengdum greiðslum
- Hlutfalli virkra og hlutlausra sjóða
- Samningum um sérstaka afslætti


**Árangurstengdar þókanir námu 363,6 m.kr á árinu 2023.**

Meðaleign og fjárfestingargjöld vegna sjóða





# Fjárfestingargjöld *(bls. 46 - 48)*

## Sundurliðun fjárfestingargjalda, samanb. milli ára 2020 til 2023



# Fjárfestingargjöld á árinu 2023



## Rekstrarkostnaður *(bls. 48)*

**2023****1.410 milljónir kr.**

Laun og launatengd gjöld

**877 m.kr.**

Tölvu- og hugbúnaður (rekstur tölvukerfa)

**211 m.kr.**

Húsnæðiskostnaður

**50 m.kr.**

Útsending yfirlita og lífeyristilkynninga

**42 m.kr.**

Fjármálaeftirlitið - árgjald

**36 m.kr.**

Annað

**194 m.kr.****2022****1.325 milljónir kr.**

---


# Kynning ársreiknings

Samtryggingardeild




# Samtryggingardeild - yfirlit

## Breyting á hreinni eign



## Ávöxtun



\*Þar með talið 2,7 milljarða kr. örorkuframlag úr ríkissjóði

Fjárhæðir í milljörðum króna

# Sjóðfélagar og launagreiðendur *(bls. 11 og 24)*

Fjöldi sem á réttindi hjá Gildi: 271.352

Fjöldi greiðandi sjóðfélaga: 59.070

Karlar: 58%

Konur: 42%


Þjóðerni: 151


Fjöldi launagreiðenda: 7.940



# Uppruni greiðandi sjóðfélaga (hlutfall)

(bls. 12)





## Lífeyrisgreiðslur *(bls. 25)*

**2023****30.199 milljónir kr.**

Ellilífeyrir

**20.305 m.kr.**

Örorkulífeyrir

**8.235 m.kr.**

Makalífeyrir

**1.465 m.kr.**

Barnalífeyrir

**194 m.kr.****2022****23.518 milljónir kr.**

## Fjöldi á lífeyri (*bls. 25*)

**2023****28.780**

Ellilífeyrir

**18.815**

Örorkulífeyrir

**6.873**


Makalífeyrir

**2.048**


Barnalífeyrir

**1.044****2022****27.305**

# Fjöldi nýrra sjóðfélagalána (*bls. 26*)




# Fjárhæð nýrra sjóðfélagalána eftir tegundum






# Nafnávöxtun samtryggingardeildar *(bls. 28)*



# Raunávöxtun samtryggingardeildar *(bls. 28)*




---

# Kynning ársreiknings

Séreignardeildir

# Framtíðarsýn 1

## Ávöxtun




Hrein eign í  
ársbyrjun 2023 **3.092**

Hrein eign í  
árslok 2023 **3.320**

Breyting á  
hreinni eign **228**

# Framtíðarsýn 2

## Ávöxtun




Hrein eign í  
ársbyrjun 2023 **3.136**

Hrein eign  
í árslok 2023 **3.457**

Breyting á  
hreinni eign **321**

# Framtíðarsýn 3

## Ávöxtun



Hrein eign í  
ársbyrjun 2023 **1.548**

Hrein eign  
í árslok 2023 **1.932**

Breyting á  
hreinni eign **384**

# Kynning ársreiknings

Verðbréfamarkaðir

Rósa Björgvinsdóttir  
forstöðumaður eignastýringar

# Innlendir markaðir *(bls. 15 - 17)*

**7,7%**  
verðbólga á árinu


**9,25%**  
stýrivextir í árslok







# Innlendir markaðir (15 - 17)

## Þróun innlendra skuldabréfa



# Verðþróun skráðra innlendra hlutafélaga (bls. 17)



# Erlendir markaðir og gjaldmiðlar

(bls. 18 - 19)

## Verðbreyting erlendra gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni

**-4,1%**  
Bandaríkjadalur

**-0,7%**  
Evra


**+1,4%**  
Breskt pund



# Erlendir markaðir og gjaldmiðlar

(bls. 18 - 19)


## Próun heimsvísitölu skuldabréfa



# Erlendir markaðir og gjaldmiðlar

(bls. 19 - 20)

## Þróun heimsvísitölu hlutabréfa




---

# Kynning ársreiknings

Eignasafn samtryggingardeildar


# Ávöxtun eignaflokka samtryggingardeildar

## Nafnávöxtun eignaflokka á árinu 2023



# Fjárfestingartekjur samtryggingardeildar


Tekjur af verðbréfaeign og innlánnum á árinu 2023 (ma.kr.)






# Fjárfestingar á árinu (bls. 29)

■ Kaup ■ Sala ■ Nettó




# Eignasafn 31. desember 2023 *(bls. 30)*




# Skráð innlent hlutabréfasafn (169,9 ma.kr.)

## Staðan í árslok 2023




# Skráð innlent hlutabréfasafn (169,9 ma.kr.)

## Hagnaður og tap á árinu 2023



Fjárhæðir í milljónum króna

# Innlent skuldabréfasafn (425,5 ma.kr.)



# Skuldabréf, önnur en ríkisskuldabréf og sjóðfélagalán

## *Sundurliðun niður á útgefendur*


Skuldabréf sveitarfélaga	Bókfært verð
Lánasjóður sveitarfélaga	13.732
Reykjavík	4.463
Félagsbústaðir hf.	2.193
Orkuveita Reykjavíkur	1.333
Kópavogur	1.245
Akureyri	1.198
Mosfellsbær	644
Garðabær	98
Annað	7
	<b>24.913</b>

Skuldabréf banka	Bókfært verð
Arion banki hf.	31.795
Landsbankinn hf.	24.718
Íslandsbanki hf.	20.690
	<b>77.203</b>

Skuldabréf fyrirtækja	Bókfært verð
Reitir hf.	18.908
Eik hf.	14.044
Reginn hf.	13.579
Íþaka fasteignir ehf.	7.045
Alda Credit Fund slhf.	5.342
Rarik ohf.	3.262
FÍ fasteignafélag slhf.	1.516
Íslandshótel hf.	936
Hagar hf.	949
Ljósleiðarinn ehf.	880
HS Veitur hf.	636
Landsnet hf.	299
Landsafli hf.	251
Veðskuld slhf.	249
Norðurorka hf.	55
	<b>67.951</b>

Veðskuldabréf fyrirtækja	Bókfært verð
Korputorg ehf.	2.410
Sjómannadagsráð	1.551
Naustavör ehf.	956
Eir	660
Hrafnista Laugarási	272
Annað	48
	<b>5.897</b>

# Erlent hlutabréfasafn (320,2 ma.kr)



# Tryggingafræðileg úttekt

Davíð Rúdólfsson




# Tryggingafræðileg úttekt

Tryggingafræðileg úttekt var gerð á stöðu samtryggingardeildar sjóðsins miðað við árslok 2023.


Heildarstaða sjóðsins er neikvæð um **79,4 milljarða kr.** eða um **4,3%**. Heildarstaðan var neikvæð um 3,9% í árslok 2022.

Aðalástæður veikingar á stöðu sjóðsins eru neikvæð raunávöxtun á árinu 2023 og hækkun áfallinna skuldbindinga vegna 8% hækkunar vísitölu neysliverðs til verðtryggingar.

# Tryggingafræðileg staða



# Tryggingafræðileg staða - áfallin og framtíðar



# Fjárfestingarstefna

# Fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefna Gildis er gerð með það að markmiði að ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af hagfelldustu kjörum sem í boði eru á hverjum tíma með tilliti til áhættu.

Í lok nóvember 2023 setti stjórn Gildis nýja fjárfestingarstefnu fyrir samtryggingardeild og séreignaleiðir sjóðsins fyrir árið 2024. Í nýrri stefnu er samanlagt vægi hlutabréfa og samanlagt vægi skuldabréfa óbreytt frá fyrri stefnu. Hlutfall skuldabréfa banka og sparisjóða, veðskuldabréfa og skuldabréfa sveitarfélaga er hækkað frá fyrri stefnu en á móti lækkar hlutfall skuldabréfa með ábyrgð ríkisins.

Þá var gerð sú breyting á stefnunni að eignaflokkur sem áður hét innlán heitir nú innlán og laust fé. Þar undir heyra nú bæði innlán og lausafjár sjóðir í íslenskum krónum og erlendri mynt. Á sama tíma var gerð sú breyting að eignaflokkurinn erlendir skammtímasjóðir var tekinn út úr stefnunni.

# Fjárfestingarstefna (bls. 41 – 42)

## Samtryggingardeild

Verðbréfaflokkur	Eignir (m.kr.)	Eignir (%)	Stefna 2024	Heimiluð vikmörk	
	31.12.2023	31.12.2023		Lágmark	Hámark
<b>Innlán og laust fé</b>	<b>9.724</b>	<b>1,0%</b>	<b>0,5%</b>	<b>0,0%</b>	<b>10,0%</b>
<b>Skuldabréf (alls)</b>	<b>435.137</b>	<b>44,6%</b>	<b>45,0%</b>	<b>35,0%</b>	<b>65,0%</b>
Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	155.229	15,9%	15,0%	8,0%	23,0%
Skuldabréf banka og sparisjóða	77.204	7,9%	8,0%	4,0%	12,0%
Veðskuldabréf	100.156	10,3%	11,0%	3,0%	17,0%
Skuldabréf sveitarfélaga	24.912	2,6%	2,5%	0,0%	5,0%
Skuldabréf fyrirtækja	67.950	7,0%	8,0%	3,0%	15,0%
Erlend skuldabréf	9.686	1,0%	0,5%	0,0%	12,0%
<b>Hlutabréf (alls)</b>	<b>515.282</b>	<b>52,9%</b>	<b>53,0%</b>	<b>35,0%</b>	<b>60,0%</b>
Innlend hlutabréf	209.908	21,5%	22,0%	12,0%	29,0%
Erlend hlutabréf	305.374	31,3%	31,0%	19,0%	39,0%
<b>Aðrar fjárfestingar (alls)</b>	<b>14.819</b>	<b>1,5%</b>	<b>1,5%</b>	<b>0,0%</b>	<b>4,0%</b>
<b>Samtals</b>	<b>974.962</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>

# Fjárfestingarstefna (bls. 51)

## Framtíðarsýn 1

Framtíðarsýn 1 Verðbréfaflokkur	Eignir (m.kr.)	Eignir (%)	Stefna 2024	Heimiluð frávik	
	31.12.2023	31.12.2023		Lágmark	Hámark
<b>Skuldabréf</b>	<b>1.871,1</b>	<b>56,5%</b>	<b>65,0%</b>	<b>55,0%</b>	<b>75,0%</b>
Innlán og laust fé	36,8	1,1%	1,0%	0,0%	15,0%
Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	640,0	19,3%	21,0%	10,0%	65,0%
Skuldabréf banka og sparisjóða	553,3	16,7%	18,0%	0,0%	26,0%
Veðskuldabréf	-	0,0%	0,0%	0,0%	10,0%
Skuldabréf sveitarfélaga	156,0	4,7%	6,0%	0,0%	10,0%
Skuldabréf fyrirtækja	480,2	14,5%	18,0%	0,0%	24,0%
Erlend skuldabréf	4,8	0,1%	1,0%	0,0%	15,0%
<b>Hlutabréf</b>	<b>1.437,96</b>	<b>43,5%</b>	<b>35,0%</b>	<b>25,0%</b>	<b>45,0%</b>
Innlend hlutabréf	662,8	20,0%	16,0%	0,0%	25,0%
Erlend hlutabréf	775,2	23,4%	19,0%	10,0%	40,0%
<b>Samtals</b>	<b>3.309,0</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>		

# Fjárfestingarstefna (bls. 53)

## Framtíðarsýn 2

Verðbréfaflokkur	Eignir (m.kr.)	Eignir (%)	Stefna 2024	Heimiluð frávik	
	31.12.2023	31.12.2023		Lágmark	Hámark
<b>Skuldabréf</b>	<b>2.552,9</b>	<b>74,2%</b>	<b>80,0%</b>	<b>70,0%</b>	<b>90,0%</b>
Innlán og laust fé	35,2	1,0%	1,0%	0,0%	15,0%
Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	801,4	23,3%	24,0%	15,0%	80,0%
Skuldabréf banka og sparisjóða	785,4	22,8%	23,0%	0,0%	32,0%
Veðskuldabréf	-	0,0%	0,0%	0,0%	10,0%
Skuldabréf sveitarfélaga	266,8	7,8%	8,0%	0,0%	12,0%
Skuldabréf fyrirtækja	655,8	19,1%	22,0%	0,0%	30,0%
Erlend skuldabréf	8,3	0,2%	2,0%	0,0%	15,0%
<b>Hlutabréf</b>	<b>886,2</b>	<b>25,8%</b>	<b>20,0%</b>	<b>10,0%</b>	<b>30,0%</b>
Innlend hlutabréf	440,8	12,8%	9,0%	0,0%	20,0%
Erlend hlutabréf	<b>445,3</b>	12,9%	11,0%	5,0%	25,0%
<b>Samtals</b>	<b>3.439,1</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>		



# Fjárfestingarstefna (bls. 54)

## Framtíðarsýn 3

Verðbréfaflokkur	Eignir (m.kr.)	Eignir (%)	Stefna 2024	Heimiluð frávik	
	31.12.2023	31.12.2023		Lágmark	Hámark
Verðtryggð innlán	1.912,0	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
<b>Samtals</b>	<b>1.912,0</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>		

# Jarðhræringar á Reykjanesi

# Jarðhræringar á Reykjanesskaga

## Gildi með veð í 47 fasteignum í Grindavík

- Lántakendur fá vexti og verðbætur endurgreidda, byggt á samningi við íslenska ríkið
- Gildi með aðkomu að fasteignafélaginu Þórkötlum

## Áhrif á eignarhluti Gildis í félögum

- Jarðvarmi (HS Orka)
- Blávarmi (Bláa Lónið)
- HSV eignarhaldsfélag (HS Veitur)
- Óbein áhrif á t.d. Icelandair og Síldarvinnsluna

# ÍL-sjóður

# Skuldabréf ÍL-sjóðs

## Til upprifjunar um forsögu málsins:

- 20. október 2022 tilkynnti fjármála- og efnahagsráðherra um mögulegar aðgerðir vegna stöðu ÍL-sjóðs (áður Íbúðalánasjóðs) og óskaði eftir viðræðum við eigendur HFF-skuldabréfa um uppgjör sem miðast við höfuðstól og áfallna vexti og verðbætur.
- Í framhaldi af tilkynningu ráðherra lækkaði markaðsvirði HFF bréfa í eigu sjóðsins að meðaltali um 13,4%. Samsvaraði það um 14,6 ma.kr. lækkun á virði bréfanna.



# Skilmálar skuldabréfa ÍL-sjóðs

- Samkvæmt skilmálum skuldabréfanna gildir eftirfarandi um ábyrgð íslenska ríkisins:
  - Skuldabréfin njóta ríkisábyrgðar sem er óafturkallanleg og gildir um allar núverandi og framtíðarskuldbindingar Íbúðalánasjóðs.
  - Tekið er sérstaklega fram í skilmálunum að útgefandi sé ríkisstofnun sem ekki megi taka til gjaldþrotaskipta, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti.
- Þrátt fyrir framangreind atriði virðist fjármála- og efnahagsráðuneytið vera með til skoðunar að knýja fram gjaldþrotaskipti eða einhvers konar sambærilega slitameðferð á ÍL-sjóði með sérstakri lagasetningu.



# Skilmálar skuldabréfa ÍL-sjóðs


## Um ríkisábyrgð í skilmálum HFF bréfanna:

### STATE GUARANTEE

The New Notes benefit from a guarantee of collection (*einföld ábyrgð*) of the Icelandic State Treasury. The guarantee is irrevocable and covers all existing and future obligations of HFF including its obligations to make payments of principal and interest under the New Notes. The guarantee derives from a recognised principle of Icelandic law that the State Treasury guarantees the obligations of all State agencies unless the guarantee is unequivocally limited to the assets of the agency concerned. The nature of the guarantee is such that in the event of default by HFF, a holder of New Notes is required to exhaust all remedies against HFF before being entitled to make a claim against the Icelandic State. As a State agency, HFF cannot be subject to bankruptcy proceedings, as provided by Section 5(3) of Act No. 21/1991 on bankruptcy proceedings. Evidence of HFF's inability to make payments under the New Notes could be sought by entering into attachment proceedings following a judgment. An attachment showing HFF to hold insufficient assets for satisfaction of the debt would qualify as proof of HFF's inability to pay, and would thus give rise to a direct claim against the Icelandic State under the guarantee.

# Virði skuldabréfa ÍL-sjóðs í árslok 2023

## - fyrir allar deildir sjóðsins (sbr. skýringu 12 í ársreikningi)



\* Markaðsvirði miðar við kröfuna 3,78% (par krafa)

- Í árslok 2023 nam markaðsvirði allrar skuldabréfaeignar sjóðsins í HFF flokkunum 93,8 mö.kr. og bókfært virði 89,1 ma.kr.
- Væru sömu flokkar verðlagðir miðað við vaxtaróf verðtryggðra ríkisbréfa (brúaðan RIKS feril), væri verðmæti þeirra um 7,8 mö.kr. hærra en markaðsvirði og 12,5 mö.kr. hærra en bókfært virði, eða sem nemur 101,6 mö.kr.



# Skuldabréf ÍL-sjóðs

Hópur lífeyrissjóða hefur haldið áfram að kortleggja sína stöðu í málinu og aflað ítarlegra lögfræðiálita þar sem niðurstaðan er afdráttarlaus sú að framangreindar aðgerðir fari í bága við stjórnarskrá og valdi skaðabótaskyldu fyrir íslenska ríkið.

## Ferill málsins:

- Skýrsla ráðherra um málefni ÍL-sjóðs lögð fyrir Alþingi í október 2022
- Álitsgerð LOGOS til lífeyrissjóða í nóvember 2022
- Álitsgerð RRS í desember 2022
- Áform um lagasetningu í lok mars 2023
- Umsögn LOGOS fyrir hönd lífeyrissjóða í maí 2023
- Drög að lagafrumvarpi um slit ógjaldfærra opinberra aðila í október 2023
- Umsögn LOGOS fyrir hönd lífeyrissjóða í nóvember 2023
- Minnisblað þriggja fyrrverandi hæstaréttardómara til ráðuneytis í desember 2023
- Athugasemdir LOGOS við minnisblaðið til lífeyrissjóða í desember 2023
- Lagafrumvarp um slit ógjaldfærra opinberra aðila lagt fram á Alþingi í febrúar 2024
- Umsögn (árétting sjónarmiða) um lagafrumvarp í apríl 2024

# Skuldabréf ÍL-sjóðs

Meginefni athugasemdanna hafa verið:

- Það eru verulega breyttar fjárhagslegar forsendur fyrir íslenska ríkið frá því sem var þegar málið var sett af stað í október 2022
- Frumvarpið virðist vanhugsað og stríða gegn þeim markmiðum sem að var stefnt af hálfu ríkisins
- Efnisreglur frumvarpsins andstæðar stjórnarskrá og mannréttindasáttmála
- Málið er ávísun á langvarandi málaferli milli lífeyrissjóða og íslenska ríkisins fyrir dómstólum og kann að skapa ýmiss konar óvissu tengt framtíðar-fjárfestingum á innendum markaði



# Skuldabréf ÍL-sjóðs - staðan í dag

## Fréttatilkynning 23. febrúar um samningaviðræður:

Fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ÍL-sjóðs og íslenska ríkisins, og fulltrúar 18 lífeyrissjóða\*, sem saman fara með stærstan hluta skuldabréfa sem ÍL-sjóður er útgefandi að, hafa ákveðið að hefja viðræður um uppgjör á skuldabréfum sjóðsins. Markmið viðræðnanna er að ná samkomulagi sem felur í sér að skuldabréfin verði gerð upp að fullu og skilyrði sköpuð fyrir slitum ÍL-sjóðs.

Reykjavík, 23. febrúar 2024,  
fjármála- og efnahagsráðuneytið  
lífeyrissjóðir

## Hvers vegna samningaviðræður?




# Ársskýrsla Gildis 2023

# Ársskýrsla Gildis

## Ríflega 160 blaðsíður

- Sjóðfélagar
- Verðbréfamarkaðir
- Samtryggingardeild
- Séreignardeild
- Starfsemi
- Ársreikningur



# Ársskýrslur

Í ársskýrslum Gildis eru veittar ítarlegar upplýsingar um stöðu, ávöxtun og starfsemi sjóðsins. Skýrslurnar eru gefnar út árlega í aðdraganda ársfundar.

[Ársskýrsla 2023](#)



## Ársskýrslur fyrri ára

[↓ 2022](#)

[↓ 2021](#)

[↓ 2020](#)

[↓ 2019](#)

[↓ 2018](#)

[↓ 2017](#)

[↓ 2016](#)

[↓ 2015](#)

# Hluthafastefna

# Hluthafastefna Gildis

- Hluthafastefna sjóðsins markar stefnu hans sem eiganda í þeim félögum sem hann á verulegan eignarhlut í. Hún ásamt stefnu um ábyrgar fjárfestingar setur fram áherslur sjóðsins með tilliti til stjórnarháttanna, umhverfismála og félagslegra málefna.
- Markmið stefnunnar er m.a. að koma á framfæri áherslum Gildis sem hluthafa og að veita fyrirsjáanleika um það hvernig sjóðurinn beitir atkvæðisrétti sínum á hluthafafundum.
- Gildi hefur síðastliðin 8 ár birt á heimasíðu sinni hvernig sjóðurinn beitir atkvæðisrétti sínum á hluthafafundum skráðra félaga.



# Starfskjarastefnur skráðra félaga

- Gildi leggur áherslu á að starfskjarastefnur séu skýrar, skiljanlegar, samræmist langtímahagsmunum og sjálfbærni félaga og feli jafnframt í sér ákvæði sem koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.
- Gildi leggur áherslu á að ávallt liggi fyrir greinargóðar upplýsingar og rök fyrir starfskjörum æðstu stjórnenda.
  - Sé notast við árangurstengdar launagreiðslur þá séu fastar launagreiðslur að sama skapi lægri.
  - Árangurstengdar launagreiðslur séu á grundvelli þátta sem viðkomandi aðili hafi áhrif á og takmörk og hámark sett fram á slíkar greiðslur.
- Gildi leggur áherslu á að félög birti skriflegar, skýrar og skiljanlegar skýrslur um framkvæmd starfskjarastefnu á liðnu ári.
- Telji Gildi að starfskjarastefna eða skýrsla um starfskjarastefnu sé ekki í samræmi við hluthafastefnu sjóðsins og góða stjórnarhætti kemur sjóðurinn þeim sjónarmiðum á framfæri.

# Dæmi um framkvæmd hluthafastefnu varðandi starfskjarastefnur

## Hampiðjan hf.

Gildi kaus á móti og lagði fram bókun sem gerði grein fyrir atkvæði sjóðsins við afgreiðslu starfskjarastefnu félagsins m.a. vegna verulegra hækkana launa á milli ára og skorts á hámarki á árangurstengdum launagreiðslum.

## Reginn hf.

Gildi kaus á móti og lagði fram bókun sem gerði grein fyrir atkvæði sjóðsins við afgreiðslu starfskjarastefnu og tillögu stjórnar félagsins um kaupréttarkerfi fyrir stjórnendur, meðal annars sökum óskýrleika tillögunnar.

## Sýn hf.

Gildi samþykkti kaupréttarkerfi eftir að tekið hafði verið tillit til sjónarmiða sjóðsins, m.a. með því að fylgja þeim grundvallarsjónarmiðum að föst launakjör séu lægri þar sem slík kerfi eru til staðar.

## Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.

Gildi lagði fram bókun sem gerði grein fyrir hjásetu sjóðsins við afgreiðslu starfskjarastefnu. Stjórn félagsins var hvött til að endurskoða starfskjarastefnuna með hliðsjón af áherslum sjóðsins auk þess sem sjóðurinn kom á framfæri athugasemd við veitingu kaupréttá hjá félaginu.

# Tilnefningarnefndir skráðra félaga

- Gildi hefur stutt stofnun tilnefningarnefnda hjá skráðum félögum í samræmi við leiðbeiningar um góða stjórnarhætti. Fundir eru haldnir með tilnefningarnefndum í aðdraganda aðalfunda.
- Gildi hefur lagt áherslu á að tilnefningarnefndir, séu þær til staðar, séu á forræði hluthafa og hefur sjóðurinn lagst gegn fyrirkomulagi tilnefningarnefnda sem skipaðar eru einum stjórnarmanni og tveimur óháðum nefndarmönnum.
- Tillögur til ályktunar voru á árinu 2024 lagðar fram hjá Kvikubanka hf. og Eik fasteignafélagi þess efnis að hluthafafundur kjósi alla fulltrúa í tilnefningarnefnd og voru þær tillögur samþykktar. Sambærileg tillaga var á árinu 2023 samþykkt hjá Festi hf.

# Skýrsla um framkvæmd hluthafastefnu

- Þann 22. janúar 2024 birti sjóðurinn í fyrsta skipti á vef sínum skýrslu um framkvæmd hluthafastefnu lífeyrissjóðsins.
- Skýrslan inniheldur ítarlega samantekt um framkvæmd hluthafastefnu sjóðsins á árinu 2023 og hvernig sjóðurinn beitti sér sem hluthafi í skráðum félögum.
- Í skýrslunni er ítarlega farið yfir helstu stefnur og áherslur Gildis auk þess sem rökstuðningur er færður fyrir atkvæðagreiðslum sjóðsins í þeim tilvikum sem ekki er kosið í samræmi við tillögur stjórna félaga.



# Tillögur til breytinga á samþykktum

Árni Hrafn Gunnarsson  
yfirlögfræðingur

## Breyting á gr. 4.5.

### Undirstrikuðum og feitletruðum texta bætt við ákvæðið:

4.5. Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Stjórn sjóðsins mótar innra eftirlit sjóðsins og skjalfestir eftirlitsferla, ræður forstöðumann endurskoðunardeildar eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila um að annast innra eftirlit. Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingar- og áhættustefnu hans, setja reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinnslu og ráðstöfun eigna sjóðsins. Þá skal stjórnin setja verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna og fá þær staðfestar af Fjármálaeftirlitinu. Stjórn sjóðsins skal árlega skipa **að minnsta kosti** þriggja manna endurskoðunar- **og áhættu** nefnd sem hafi m.a. eftirlit með reikningshaldi, áhættustýringu og gerð ársreiknings sjóðsins í samræmi við ákvæði IX. kafla um ársreikninga nr. 3/2006.

## Greinargerð með breytingum á gr. 4.5.

Samkvæmt 108. gr. a. í lögum um ársreikninga skal starfrækja endurskoðunarnefnd hjá einingum tengdum almannahagsmunum, sem lífeyrissjóðir teljast til. Skal hún skipuð þremur fulltrúum hið minnsta. Lagt er til að bæta orðinu „að minnsta kosti“ í samræmi við lagaákvæðið sem gefur þá stjórn kost á því að skipa fleiri en þrjá aðila í nefndina.

Lagt er til að breyta nafni nefndarinnar í endurskoðunar- og áhættunefnd til áréttingar á því að hlutverk nefndarinnar er ekki eingöngu að hafa eftirlit með reikningsskilum, endurskoðun og tengdum málefnum heldur einnig eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu sjóðsins.

# Breytingar á gr. 5.8

## Undirstrikuðum og feitletruðum texta bætt við ákvæðið:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Kynning ársreiknings.
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt.
4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins.
5. Gerð grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins.
6. Starfskjarastefna til staðfestingar.
7. Kosning stjórnar og varamanna. Fulltrúar stéttarfélaga í fulltrúaráði skulu kjósa tvo aðalmenn og einn varamann í stjórn. Fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu tilkynna um staðfestingu þeirra á tveimur aðalmönnum og einum varamanni í stjórn á grundvelli tilnefningar. Gert skal hlé á fundi meðan kosning skv. þessum lið fer fram.
8. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur til breytingar á samþykktum sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 23. greinar.
9. Kosning þriggja nefndarmanna í nefnd um laun stjórnarmanna.
10. Ákvörðun launa stjórnarmanna.
11. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
12. **Kjör utanaðkomandi aðila í endurskoðunar- og áhættunefnd ef stjórn leggur til að utanaðkomandi aðili taki sæti í endurskoðunarnefnd.**
13. Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.



## Greinargerð með breytingum á gr. 5.8

Breytingar hafa verið gerðar á 2. mgr. 108. gr. a. laga um ársreikninga þar sem sú krafa er gerð að sé nefndarmaður í endurskoðunarnefnd hjá lífeyrissjóði utanaðkomandi aðili þá skuli sá eða þeir aðilar tilnefndir af ársfundi (aðalfundi).

Samkvæmt 2. mgr. 108. gr. a. laga um ársreikninga ber stjórn ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar. Af þessum sökum gerir tillagan ráð fyrir því að stjórn taki ákvörðun um það hverju sinni hvort utanaðkomandi aðili skuli sitja í endurskoðunarnefnd. Tillagan gerir einnig ráð fyrir því að stjórn ákveði fjölda utanaðkomandi aðila í nefndinni.



# Breytingar á gr. 9.12

## Undirstrikuðum og feitletruðum texta bætt við ákvæðið:

Framlagi hvers árs til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða, sbr. 18. gr. laga nr. 113/1990 um tryggingagjald, skal ráðstafa í samræmi við ákvæði 19. gr. reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða þannig að ávinnsla nýrra réttinda og lífeyrir vegna geymdra réttinda hækki á komandi ári eins og nánar er tilgreint hér:

- Auka skal réttindainnvinnslu sjóðfélaga sem nemur **4,03,6%** iðgjalda þeirra. Réttindi skv. ákvæði þessu reiknast að fullu skv. reglum um aldursháða ávinnslu. Þessi réttindi skal auðkenna sérstaklega í réttindabókhaldi sjóðsins og veita þau ekki rétt til framreiknings.
- Greiða skal viðbótarlífeyri til lífeyrisþega annarra en barnalífeyrisþega sem nemur **2,53,0%** af lífeyri þeirra. Viðbótarlífeyririnn greiðist mánaðarlega eins og annar lífeyrir. Þessi viðbótarlífeyrir skal merktur sérstaklega í réttindabókhaldi sjóðsins.

Framangreint framlag til aukningar réttindaávinnslu og lífeyrisgreiðslna skulu hverju sinni að hámarki nema örorkuframlagi ársins. Tryggingastærðfræðingur sjóðsins skal árlega meta skuldbindingar sjóðsins skv. framangreindri reglu miðað við örorkuframlag ársins og vænt iðgjöld og lífeyrisgreiðslur á komandi ári og gera tillögu um breytingu á hundraðshluta viðbótarávinnslu og lífeyris, gefi matið til þess tilefni. Skal sjóðstjórn þá leggja tillögur að breytingum samþykta lífeyrissjóðsins fyrir ársfund hans svo tryggt sé að örorkuframlagið dugi fyrir skuldbindingum skv. a. og b. lið hér að framan.

## Greinargerð með breytingum á gr. 5.8

Samkvæmt 2. mgr. greinar 9.12. í samþykktum sjóðsins skal tryggingastærðfræðingur sjóðsins árlega meta skuldbindingar sjóðsins skv. reglu 9.12. miðað við örorkuframlag ársins og vænt iðgjöld og lífeyrisgreiðslur á komandi ári og gera tillögu um breytingu á hundraðshluta viðbótarávinnslu og lífeyris, gefi matið tilefni til þess. Skal sjóðsstjórn þá leggja tillögur að breytingum á samþykktum sjóðsins fyrir ársfund svo tryggt sé að örorkuframlagið dugi fyrir skuldbindingum hans.

Framangreindar iðgjalda- og lífeyrishækkunar komu inn í samþykktirnar árið 2011 og höfðu lífeyrisþegar þá ekki fengið viðbótarréttindi á sín iðgjöld og var þá talið sanngirnismál að veita þeim sömu hlutfallslegu hækkun á lífeyrisgreiðslur. Með hverju árinu sem líður hefur stærri hluti lífeyrisþega áunnið sér viðbótarréttindi ofan á iðgjaldagreiðslur. Af þessum sökum lagði stjórn sjóðsins til á síðasta ársfundi, í samræmi við tillögur tryggingastærðfræðings, að lækka hlutfallslega viðbót lífeyrisþega til framtíðar. Breytingin er áætluð í skrefum til þess að lífeyrisþegar verði fyrir sem minnstum áhrifum lækkunarinnar. Áætlað er að ráðstöfun framlagsins til lífeyrishækkana lækki um 0,5% á ári þar til hún líður undir lok, með þeim fyrirvara að staða framlagsins skal ávallt vera í jafnvægi.

Breytingin miðast við áramót og tekur því gildi 1.1.2025.



## Breytingar á gr. 11.4.

**Undirstrikuðum og feitletruðum texta bætt við ákvæðið, yfirstrikaður texti fellur út:**

Við töku ellilífeyris ~~fyrir 67 ára aldur~~ ráðstafar sjóðfélagi elli- og örorkulífeyrisréttindum sínum endanlega og á því ekki sjálfstæðan rétt til örorkulífeyris eftir það. Hafi hann áunnið sér viðbótarrétt til ellilífeyris með iðgjaldsgreiðslum eftir að hann hóf töku lífeyris skal endurúrskurða honum ellilífeyri **samkvæmt umsókn þess efnis, þó ekki oftari en árlega. Við 70 ára aldur skal ellilífeyrir vegna slíks viðbótarréttar endurúrskurðaður án umsóknar.** ~~hafi hann misst starfsorku sem nemur 50% eða meira.~~



## Greinargerð með breytingum á gr. 11.4.

Breytingunum er ætlað að skýra verklag sjóðsins í þeim tilfellum þegar sjóðfélagi hefur hafið töku ellilífeyris og heldur jafnframt áfram að greiða iðgjöld til sjóðsins.

Lögð er til sú regla að réttindi vegna iðgjalda sem berast eftir að lífeyristaka hefst séu endurúrskurðuð samkvæmt umsókn þess efnis frá viðkomandi sjóðfélaga, þó ekki oftari en árlega. Við 70 ára aldur skal ellilífeyrir vegna slíks viðbótarréttar endurúrskurðaður án umsóknar, enda lýkur við það tímamark iðgjaldagreiðslum til samtryggingardeildar sjóðsins.



## Breytingar á gr. 18.4.

### Undirstrikuðum og feitletruðum texta bætt við ákvæðið:

Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð er svarar til a.m.k. 2.500 króna á mánuði **miðað við 67 ára aldur** og fyrirsjáanlegt er að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi þar sem verðmæti miðast við tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins á útgreiðsludegi.



## Greinargerð með breytingum á gr. 9.12

Breytingunum er ætlað að taka af tvímæli um það að miðað er við 2.500 kr. mánaðarlegan ellilífeyri miðað við 67 ára aldur þegar fjárhæð eingreiðslu er metin. Er þetta í samræmi við verklag sem viðhaft hefur verið innan sjóðsins. Ljóst er að eingreiðsluverðmæti fastrar mánaðarlegrar fjárhæðar lífeyrisréttinda er hærra eftir því sem sjóðfélagi er yngri.

Felur þetta í sér að viðmið eingreiðslufjárhæðar hjá sjóðnum er föst krónutala fyrir viðkomandi sjóðfélaga óháð því á hvaða aldri hann óskar eftir útgreiðslu.



# Starfskjarastefna



# Starfskjarastefna – tillögur til breytinga

**Undirstrikuðum og feitletruðum texta bætt við ákvæðið, yfirstrikaður texti fellur út:**

1.2 Markmið með starfskjarastefnu þessari er að styðja við góða stjórnarhætti í rekstri sjóðsins. Starfskjarastefnunni er ætlað að treysta langtímahagsmuni sjóðfélaga, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila með skipulegum og gagnsæjum hætti. Það er stefna sjóðsins að bjóða stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra, lykilstarfsmönnum og öðrum starfsmönnum sjóðsins samkeppnishæf kjör og starfsumhverfi á við það sem býðst í hliðstæðum störfum hér á landi þannig að starfskjör séu hvetjandi, **að eðlilegt samræmi sé í launasetningu sjóðsins og að starfskjarastefnan** styðji við **fjárfestingar-,** rekstrar- og þjónustumarkmið sjóðsins, **m.a. þannig að hún hvetji ekki til óhóflegrar áhættutöku og styðji við áhættustýringu sjóðsins, m.a. varðandi sjálfbærniáhættu.** ~~og að eðlilegt samræmi sé í launasetningu sjóðsins.~~

1.3 Gæta skal að viðurkenndum jafnréttis- og jafnlaunasjónarmiðum við ákvörðun launa og starfskjara. **Jafnlaunavottun er til staðar hjá sjóðnum og gæta skal að því að viðhalda slíkri vottun.** ~~Stefnt skal að því að ljúka jafnlaunavottun ekki síðar en í árslok 2019.~~

# Greinargerð með breytingu

## Breyting á gr. 1.2

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins 2019/2088 („SFDR“), sem innleidd var í íslenska löggjöf með lögum nr. 25/2023, ber sjóðnum að lýsa í starfskjarastefnu sinni hvernig hún samræmist innfellingu áhættu tengdri sjálfbærni og eru lagðar til breytingar á gr. 1.2. í því samhengi. Þannig er m.a. gert ráð fyrir að starfskjarastefnan styðji við fjárfestingar-, rekstrar- og þjónustumarkmið sjóðsins, m.a. þannig að hún hvetji ekki til óhóflegrar áhættutöku og styðji við áhættustýringu sjóðsins, m.a. varðandi sjálfbærniáhættu.

## Breyting á gr. 1.3

Breytingin er lögð til í ljósi þess að jafnlaunavottun er þegar til staðar hjá sjóðnum. Í stað markmiðs í nágildandi starfskjarastefnu um að ljúka innleiðingu jafnlaunavottunar er lagt til að breyta grein 1.3 þannig að slíkri vottun verði viðhaldið.



# Tilnefningar stéttarfélaga og atvinnurekenda á fulltrúum í stjórn

# Kosning / skipan stjórnar

## Tillaga tilnefningarnefndar stéttarfélaga um fulltrúa í stjórn

Til tveggja ára, til ársfundar 2026:

### Aðalmenn:

Guðmundur Helgi Þórarinsson  
Gundega Jaunlinina

### Varamaður:

Trausti Jörundarson



# Kosning / skipan stjórnar

## Tillaga tilnefningarnefndar atvinnurekenda á fulltrúum í stjórn

Til tveggja ára, til ársfundar 2026:

### Aðalmenn:

Bjarnheiður Hallsdóttir  
Sverrir Sverrisson

### Varamaður:

Páll Ásgeir Guðmundsson



# Tillaga launaneftdar um laun stjórnamanna

# Laun stjórnarmanna

## Tillaga launanefndar um laun stjórnar:

- mánaðarlaun **aðalmanns** verði kr. 161.747
- mánaðarlaun **formanns** verði tvöföld eða kr. 323.495
- mánaðarlaun **varaformanns** verði kr. 242.621

Stjórnarlaun miðast við einn fund í mánuði. Ef stjórnarfundir eru fleiri skal greiða aukalega sem nemur einum mánaðarlaunum fyrir hvern setinn fund.

Varamaður fái greidd laun aðalmanns fyrir hvern setinn stjórnarfund. Mánaðarlaun varamanns verði þó að lágmarki sem nemur 15% af mánaðarlaunum aðalmanns.

Fyrir hæfismat hjá Fjármálaeftirliti verði greidd ein mánaðarlaun stjórnarmanns.

*Hækkunin nemur 3,25% eða sem nemur kr. 5.091 á launum almenns stjórnarmanns.*

# Tillaga um fulltrúa í nefnd um laun stjórnarmanna



# Tillaga um fulltrúa í launanefnd

## Tillaga um fulltrúa launamanna:

- Eyþór Þ. Árnason

## Tillaga um fulltrúa atvinnurekenda:

- Stefanía Kolbrún Ásbjörnsdóttir
- Jón Kristinn Sverrisson

Nefndin er fjögurra manna, þrír eru kosnir á ársfundi, en auk kjörinna fulltrúa á stjórnarformaður sæti í nefndinni.



**Kjör endurskoðanda eða  
endurskoðunarfyrtækis**

# Kjör endurskoðanda

Tillaga um endurskoðendur:

**Deloitte ehf.**  
**Smáratorgi 3, Kópavogi.**



# Utanaðkomandi aðili í endurskoðunarnefnd

# Kjör utanaðkomandi aðila í endurskoðunarnefnd

Lagt er til að ársfundur kjósi Helga Friðjón Arnarson sem utanaðkomandi aðila í endurskoðunarnefnd.



Önnur mál

# Ályktunartillaga frá Erni Pálssyni

Ársfundur Gildis haldinn þann 24. apríl 2024 samþykkir að óska eftir hluthafafundi Íslandsbanka hf. þar sem óskað verður eftir heimild til að gera skaðabótakröfu í nafni félagsins á hendur fv. stjórn og stjórnendum vegna tjóns er þeir ollu félaginu og hluthöfum við veitingu fjárfestingarþjónustu í tengslum við útboð Bankasýslu ríkisins á 22,5% eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka 22. mars 2022.



Önnur mál





Takk  
fyrir